

**Hvatningarverðlaun mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 2021**  
**Hinsegin félagsmiðstöð S78 og Tjarnarinnar**

**Rökstuðningur valnefndar:**

Hinsegin félagsmiðstöðin hefur veitt mörgum ungmennum ómetanlegan stuðning við að öðlast sjálfstraust og styrk til framtíðar. Þá hefur félagsmiðstöðin miðlað góðri fræðslu til skóla og félagsmiðstöðva um alla borg, fræðslu sem svo sannarlega er mikil þörf fyrir og hefur stuðlað að auknum skilningi á líðan og stöðu hinsegin barna og ungmenna. Hinseginleikanum er sérstaklega fagnað í félagsmiðstöðinni, hann er viðmið en ekki frávik.

Lagt er upp með að skapa öruggt rými fyrir einstaklingana sem sækja starfið og að þátttaka í starfinu hvetji þau til að finna öryggi í að taka þátt í öðru skipulögðu frístundastarfi.